Sjálfsmatsskýrsla 2023

FRAMVEGIS

Miðstöð símenntunar

Efnisyfirlit

Hlutverk, stefna og markmið 3
Gæðastarf og gæðakerfi 3
Gæðamarkmið 3
Framkvæmd innra mats 4
Kvartanir og ábendingar 4
Gæðaúttektir 4
Starfsemi ársins 2023 5
Innra mat Framvegis 2023 5
Mat á starfsumhverfi 6
Niðurstöður innra mats 7
Mat á námi 7
Mat á náms- og starfsráðgjöf 7
Mat á raunfærnimati 7
Aðstaða, öryggi og persónuvernd 8
Umbætur og umbótaáætlun 8
Umbætur á árinu 2023 8
Eftirfylgni umbótaáætlunar 2023 8
Umbótaáætlun 2024 9
Lokaorð 9

Framvegis – miðstöð símenntunar starfar samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010, reglugerð um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011, samningi við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og samningi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um framkvæmd vottaðra námsleiða, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats.

Sjálfsmatsskýrsla þessi er unnin í samræmi við 14. gr. laga um framhaldsfræðslu og gæðahandbók Framvegis. Í skýrslunni er gerð grein fyrir starfsemi Framvegis á árinu 2023, niðurstöðum innra mats á námi, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimati og þeim umbótum sem unnið var að og fyrirhugaðar eru. Samkvæmt gæðahandbók er gæðamat starfseminnar tekið saman í sjálfsmatsskýrslu í lok árs, hún kynnt og yfirfarin á gæðamatsfundi í upphafi starfsárs og niðurstöður birtar á heimasíðu miðstöðvarinnar.

Hlutverk, stefna og markmið

Meginmarkmið Framvegis er að veita fólki á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu, og fólki sem horfið hefur frá námi án þess að hafa útskrifast af þriðja þrepi hæfniramma um íslenska menntun, tækifæri til að afla sér menntunar og bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Samkvæmt samþykktum Framvegis er tilgangur miðstöðvarinnar jafnframt að stuðla að framboði á námstækifærum fyrir fólk á vinnumarkaði og auka gæði fullorðins- og starfsmenntafræðslu.

Starfsemi Framvegis fylgir stefnu sem mótuð var af eigendum og starfsfólki árið 2019. Á árinu 2023 hófst vinna stjórnar og starfsfólks við mótun nýrrar stefnu þar sem lagt var upp með að tengja starfsemina við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Sérfræðingur frá Mannviti stýrði vinnustofu um árangursríka innleiðingu heimsmarkmiðanna og voru valin þrjú kjarnamarkmið:

- Nr. 4 – Menntun fyrir alla
- Nr. 5 – Jafnrétti kynjanna
- Nr. 10 – Aukinn jöfnuður

Gert var ráð fyrir að stefnumótunarvinnunni lyki á árinu 2024.

Gildi Framvegis eru **framsækni, fagmennska, árangur og virðing.**

Gæðastarf og gæðakerfi

Framvegis starfar eftir viðmiðum European Quality Mark (EQM), sem er afurð Evrópuverkefnisins RECALL (Recognition of Quality in Lifelong Learning) og er sérstaklega hannað fyrir fræðsluaðila utan hins formlega skólakerfis. Miðstöðin fékk EQM-vottun á fræðslustarfsemi árið 2012 og árið 2018 bættist við vottun á náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimati (EQM+). Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er vottunaraðili EQM og EQM+ á Íslandi. Ný úttekt átti að fara fram árið 2021 en var frestað vegna heimsfaraldursins og fékk Framvegis áframhaldandi EQM+-vottun í maí 2022. Vottunin var í gildi allt árið 2023.

Gæðamarkmið

Gæðamarkmið Framvegis eru sett fram í útgáfustýrðu skjali og eru eftirfarandi:

Svið	Gæðamarkmið	Mæling
Nám	Að minnst 80% þátttakenda svari stöðluðum spurningum jákvætt (mjög sammála/sammála eða 5–4 á fimm punkta kvarða)	Lokamat í lok náms og leiðsagnarmat á námsleiðum
Náms- og starfsráðgjöf	Að minnst 80% notenda svari jákvætt og allir námsmenn á námsleiðum komi a.m.k. einu sinni í viðtal	Notendakönnun og spurningar í lokamati
Raunfærnimat	Að minnst 80% þátttakenda sýni jákvæðar niðurstöður í mati á ferlinu og allir sem ljúka skimunarviðtali með fullnægjandi árangri ljúki ferlinu	Mat þátttakenda á raunfærnimati

Tafla 1. Gæðamarkmið Framvegis

Framkvæmd innra mats

Innra mat samkvæmt EQM+ gæðaviðmiðum er í stöðugri vinnslu allt árið. Helstu þættir þess eru:

- Í lok hverrar annar eru teknar saman tölulegar upplýsingar um hvernig gekk að ná mælanlegum markmiðum náms, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats.
- Námsmenn fylla út lokamat þar sem þeir meta nám og kennslu. Á námsleiðum er auk þess lagt fyrir leiðsagnarmat um miðbik náms, rafrænt eða í viðtölum hjá náms- og starfsráðgjafa.
- Leiðbeinendur og samstarfsaðilar fá niðurstöður sem að þeim snúa og gerir Framvegis tillögur að úrbótum ef þörf er á. Verkefnastjóri ber ábyrgð á úrbótum í samstarfi við leiðbeinendur.
- Niðurstöður eru kynntar á starfsmannafundum og gæðamatsfundum og eru leiðarljós við þróun og umbætur á námi og kennsluaðferðum.
- Mál sem ekki er hægt að leysa samkvæmt leiðbeiningum um meðferð ábendinga eru skráð í umbótaáætlun, þar sem fram kemur athugasemd, tilvísun í atvik, möguleg orsök, ákveðnar umbætur, ábyrgð og tímasetning.
- Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að tímasettum aðgerðum til úrbóta sé framfylgt og er greint frá framgangi umbóta á fyrsta starfsmannafundi hvers árs.

Kvartanir og ábendingar

Framvegis tryggir að kvartanir og ábendingar séu meðhöndlaðar sem gagnlegt innlegg í starfsemina og nýttar til umbóta. Allir starfsmenn bera ábyrgð á að skrá mál sem berast í þar til gert skjal og er úrvinnsla skráð í sama skjal. Á reglulegum starfsmannafundum eru málin yfirfarin og sett í formlegan umbótafarveg ef þörf er á.

Gæðaúttektir

Gæðaúttektir eru annars vegar ytri úttektir óháðra aðila, svo sem gæðaúttekt Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins vegna EQM+ vottunar og endurskoðun ársreiknings, og hins vegar innri úttektir, svo sem rýni sjálfsmatsskýrslu á gæðamatsfundi og úttektir á húsnæði og öryggismálum. Ytri gæðaúttekt EQM+ fór ekki fram á árinu 2023.

Úttekt	Framkvæmdaaðili	Niðurstaða
Gæðamatsfundur – rýni sjálfsmatsskýrslu 2022	Framkvæmdastjóri og starfsfólk	Sjálfsmatsskýrsla 2022 var kynnt og yfirfarin. Niðurstöður lokamats stóðust gæðaviðmið og umbótaáætlun fyrir árið 2023 var staðfest.
Endurskoðun ársreiknings 2022	Endurskoðun & ráðgjöf ehf.	Ársreikningur endurskoðaður án athugasemda og áritaður án fyrirvara.
Úttekt á húsnæði og öryggismálum	Húseigandi og Öryggismiðstöðin	Farið var yfir brunavarnir, reykskynjara, slökkvitæki og lyftu hússins. Engar alvarlegar athugasemdir komu fram.

Tafla 2. Gæðaúttektir 2023

Ábendingar og frávik sem fram koma í gæðaúttektum eru skráð í umbótaáætlun.

Starfsemi ársins 2023

Fræðslustarf Framvegis var fjölbreytt á árinu og kennt var á sjö tungumálum. Alls sóttu 2.076 þátttakendur nám og fræðslu hjá miðstöðinni og hafa þeir ekki verið fleiri síðastliðin fjögur ár. Nemendastundum fækkaði hins vegar frá fyrra ári. Námskeið og námsleiðir voru 131 talsins. Í byrjun árs fagnaði Framvegis 20 ára starfsafmæli með hag- og samstarfsaðilum, en hátíðarhöld frestuðust um ár vegna heimsfaraldurs.

Í töflu 3 má sjá helstu lykiltölur starfseminnar samanborið við fyrra ár.

Mælikvarði	2022	2023
Námskeið og námsleiðir	138	131
Heildarfjöldi þátttakenda	1.959	2.058
Nemendastundir	45.370	40.656
Viðtöl í náms- og starfsráðgjöf	685	894
Þátttakendur sem luku raunfærnimati	38	74
Metnar einingar í raunfærnimati	843	1.127

Tafla 3. Lykiltölur starfseminnar 2022–2023

Starfsemi Framvegis á árinu einkenndist af fjölbreyttu námsframboði, raunfærnimati og náms- og starfsráðgjöf. Kenndar voru vottaðar námsleiðir framhaldsfræðslunnar og umfang raunfærnimats var meira en áður, einkum á sjúkraliðabraut. Jafnframt hófst raunfærnimat á tanntæknabraut og eftirspurn eftir náms- og starfsráðgjöf jókst verulega. Sí- og endurmenntun sjúkraliða var einnig umfangsmikil en alls voru haldin 42 námskeið, sem er metfjöldi. Þá voru haldin námskeið fyrir fólk af erlendum uppruna og atvinnuleitendur, auk námskeiðanna Gott að vita í samstarfi við Sameyki.

Innra mat Framvegis 2023

Framvegis metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði starfseminnar. Matið byggir á EQM+ gæðaviðmiðum og nær til náms, náms- og starfsráðgjafar, raunfærnimats, gæðakerfis og starfsumhverfis.

Matið fer fram eins og lýst er í kaflanum Framkvæmd innra mats. Sjálfsmatsskýrsla er unnin árlega og rýnd á gæðamatsfundi og er umbótaáætlun byggð á niðurstöðunum. Ytri gæðaúttekt Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins fer fram á þriggja ára fresti. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á innra mati.

Í töflu 4 og töflu 5 má sjá hvaða þættir starfseminnar voru metnir á árinu 2023, með hvaða aðferð og við hvaða viðmið var miðað.

Svið	Matsþáttur	Matsaðferð	Viðmið
Nám og kennsla	Skipulag náms	Lokamat	80% jákvæð svör
	Frammistaða leiðbeinenda	Lokamat	80% jákvæð svör
	Aðstaða og þjónusta starfsfólks	Lokamat	80% jákvæð svör
	Líðan og framvinda á námsleiðum	Leiðsagnarmat og viðtöl	Brugðist við eftir þörfum
	Mæting og brotthvarf	Skráning mætingar	Minnst 80% mæting
	Árangur m.v. hæfniviðmið	Útskriftarskjöl og INNA (upplýsingakerfi framhaldsskóla)	Hæfniviðmiðum náð
Náms- og starfsráðgjöf	Ánægja notenda	Notendakönnun og lokamat	80% jákvæð svör
	Aðgengi að ráðgjöf	Skráning viðtala í INNU	Allir á námsleiðum í viðtal
	Umfang ráðgjafar	Skráning samkvæmt Fræðslusjóði	Fylgst með þróun
Raunfærnimat	Ánægja þátttakenda	Mat þátttakenda á ferlinu	80% jákvæð svör
	Ljúka ferli	Skráning í INNU	Allir sem standast skimun
	Metnar einingar	Skráning í INNU	Markmið hvers árs
Gæðakerfi og stjórnun	Ábendingar og kvartanir	Ábendingaskrá	Úrvinnsla skráð
	Sjálfsmat og umbótaáætlun	Gæðamatsfundur	Árleg rýni
	Rekstur og fjármál	Endurskoðun ársreiknings	Áritun án fyrirvara

Tafla 4. Mat á námi, ráðgjöf, raunfærnimati og gæðakerfi 2023

Mat á starfsumhverfi

Starfsumhverfi Framvegis er metið með könnun Sameykis, Stofnun ársins, sem lögð er fyrir starfsfólk árlega, og í starfsmannasamtölum. Í könnun Sameykis eru metnir níu þættir og ræðst vægi hvers þáttar í heildareinkunn af þáttagreiningu. Niðurstöður eru kynntar starfsfólki og nýttar í umbótaáætlun.

Flokkur	Matsþáttur	Matsaðferð
Könnun Sameykis – Stofnun ársins	Stjórnun	Stofnun ársins
	Starfsandi	Stofnun ársins
	Jafnrétti	Stofnun ársins
	Vinnuskilyrði	Stofnun ársins

Flokkur	Matsþáttur	Matsaðferð
	Ánægja og stolt	Stofnun ársins
	Ímynd stofnunar	Stofnun ársins
	Launakjör	Stofnun ársins
	Sjálfstæði í starfi	Stofnun ársins
	Sveigjanleiki í vinnu	Stofnun ársins
Innra mat	Líðan og starfsánægja	Starfsmannasamtöl
	Starfsþróun og símenntun	Starfsmannasamtöl
	Ábendingar starfsfólks	Starfsmannafundir

Tafla 5. Mat á starfsumhverfi 2023

Niðurstöður innra mats

Innra mat Framvegis nær til náms, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats. Hér eru teknar saman niðurstöður mælinga ársins 2023 og þær bornar saman við gæðamarkmið.

Mat á námi

Í lok námskeiða og námsleiða leggja verkefnastjórar fyrir lokamat þar sem námsmenn meta meðal annars inntak, framsetningu og gagnsemi náms, skipulag, frammistöðu leiðbeinenda og aðstöðu og þjónustu starfsfólks. Námsmenn mátu námið mjög gott eða gott í 96% tilfella og náðist því gæðamarkmið um minnst 80% jákvæð svör.

Mat á náms- og starfsráðgjöf

Í lokamati á námsleiðum er spurt hvort námsmenn hafi nýtt sér þjónustu náms- og starfsráðgjafa og hvort hún hafi gagnast þeim, auk þess sem notendakönnun er lögð fyrir. Heildaránægja með náms- og starfsráðgjöf árið 2023 var 97%.

Mat á raunfærnimati

Að loknu raunfærnimati meta þátttakendur ferlið. Þátttakendur í raunfærnimati gáfu matinu að meðaltali 9,58 á kvarðanum 1–10.

Gæðakerfi og stjórnun

Mat á gæðakerfi og stjórnun náði til ábendinga og kvartana, sjálfsmats, umbótaáætlunar og fjármála. Sjálfsmatsskýrsla fyrra árs var yfirfarin og umbótaáætlun staðfest. Endurskoðun ársreiknings var án athugasemda. Niðurstöður matsins voru nýttar við þróun starfseminnar og umbótastarf.

Mat á starfsumhverfi

Starfsumhverfi var metið með könnun Sameykis, *Stofnun ársins*, starfsmannasamtölum og ábendingum starfsfólks. Niðurstöður voru kynntar starfsfólki og nýttar við skipulag starfseminnar og umbætur.

Aðstaða, öryggi og persónuvernd

Hjá Framvegis er námsumhverfi fyrir bæði stað- og fjarnema sem hentar fullorðnum námsmönnum og uppfyllir reglur um aðbúnað og húsnæði. Í gildi er viðbragðs- og rýmingaráætlun þar sem fjallað er um flóttaleiðir og viðbrögð við eldsvoða, slysum og veikindum. Úttekt er gerð á húsnæði í samræmi við kröfur opinberra aðila (sjá töflu 2).

Í gildi er persónuverndarstefna í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Umbætur og umbótaáætlun

Umbætur á árinu 2023

- Raunfærnimat á sjúkraliðabraut var eflt og stækkað og raunfærnimat á móti tanntæknabraut sett af stað.
- Námsframboð fyrir fólk af erlendum uppruna og flóttafólk var aukið.
- Hafin var ný stefnumótun þar sem starfsemin er tengd heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.
- Gerður var samningur við auglýsingastofu um fjölnota kynningarefni og birtingar á samfélagsmiðlum.
- Haldið var áfram innleiðingu vinnubragða í samræmi við persónuverndarlöggjöf.
- Hafinn var undirbúningur íslenskukennslu fyrir fólk af erlendum uppruna.

Eftirfylgni umbótaáætlunar 2023

Í ársskýrslu og sjálfsmati ársins 2022 voru sett fram verkefni sem stefnt var að á árinu 2023. Í töflunni hér að neðan er farið yfir stöðu þeirra í árslok 2023. Verkefni sem enn eru í vinnslu, hæfnigreining á starfi skólaliða og innleiðing vinnubragða í samræmi við persónuverndarlöggjöf, halda áfram á árinu 2024.

Viðfangsefni	Fyrirhugaðar umbætur	Staða í árslok 2023
Uppsöfnuð eftirspurn sjúkraliða eftir símenntun	Auka námsframboð fyrir sjúkraliða svo fleiri komist að	Lokið
Mikil eftirspurn eftir raunfærnimati á sjúkraliðabraut	Anna eftirspurn og efla námsmat	Lokið
Stefna Framvegis frá 2019 til fjögurra ára	Hefja nýja stefnumótun	Í vinnslu
Hæfnigreining á starfi skólaliða	Vinna greininguna með styrk úr Fræðslusjóði	Í vinnslu
Persónuvernd	Halda áfram innleiðingu vinnubragða í samræmi við persónuverndarlöggjöf	Í vinnslu

Tafla 6. Eftirfylgni umbótaáætlunar 2023

Umbótaáætlun 2024

Eftirfarandi umbótaáætlun fyrir árið 2024 byggir á innra mati ársins 2023. Hún er sett upp í samræmi við gæðahandbók Framvegis þar sem fram kemur athugasemd, tilvísun í atvik eða heimild, möguleg orsök, ákveðnar umbætur, ábyrgð, tímasetning og staða. Áætlunin verður yfirfarin og staðfest á gæðamatsfundi.

Tafla 7. Umbótaáætlun 2024

Athugasemd	Tilvísun	Umbætur	Ábyrgð	Tímasetning
Ný stefna Framvegis ekki fullmótuð	Stefnumótun 2023	Ljúka stefnu og skilgreina aðgerðir og mælikvarða fyrir kjarnamarkmiðin þrjú	Framkvæmdastjóri og stjórn	2024
Ytri gæðaúttekt EQM+ fram undan	Gæðahandbók, útgáfa 5	Undirbúa úttekt og endurskoða útgáfustýrð skjöl gæðahandbókar	Framkvæmdastjóri	2024
Eftirspurn eftir íslenskunámi hjá námsmönnum	Óskir námsmanna	Hefja íslenskukennslu og sækja um fjármagn til Rannís	Verkefnastjóri íslenskunáms	2024
Þörf fyrir fagtengda íslensku meðal sjúkraliða	Styrkur úr Fræðslusjóði Sjúkraliðafélags Íslands	Hanna og tilraunakenna fagíslenskunámskeið	Verkefnastjóri sjúkraliðanámskeiða	2024
Framlag Fræðslusjóðs dugir ekki fyrir náms- og starfsráðgjöf	Innra mat 2023	Sækja um viðbótarframlag og forgangsraða þjónustu	Framkvæmdastjóri	2024
Raunfærnimati á tanntæknabraut ekki lokið	Innra mat 2023	Kanna grundvöll fyrir áframhaldandi mati	Verkefnastjóri raunfærnimats	2024
Þörf fyrir nám sem byggir á styrkleikum	Styrkur úr Fræðslusjóði 2024	Þróa námskrána Styrkleikastofu	Framkvæmdastjóri	2024

Lokaorð

Árið 2023 var umfangsmikið ár í starfsemi Framvegis. Fleiri þátttakendur sóttu nám og þjónustu en síðustu fjögur ár, metfjöldi námskeiða var haldinn fyrir sjúkraliða, raunfærnimat var umfangsmeira en áður og eftirspurn eftir náms- og starfsráðgjöf jókst verulega. Ný stefnumótun með tengingu við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna leggur grunn að áframhaldandi umbótastarfi. Gæðamarkmiðum um ánægju námsmanna, notenda náms- og starfsráðgjafar og þátttakenda í raunfærnimati var náð á árinu.